

Fundargerð 90. fundar

stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2026, fimmtudaginn 18. mars kl. 12:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í Reykjavík.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir og Valdimar O. Hermannsson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Raforkureikningurinn ? hver hagnast, hver borgar? Hverju er hægt að breyta? - 2601001SK

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum þakkar frummælendum og gestum fyrir mikilvæga þátttöku í ráðstefnunni „Raforkureikningurinn ? hver hagnast, hver borgar? Hverju er hægt að breyta?“ Umræðan sýndi skýrt að tækifæri eru til að efla raforkukerfið og sníða af þeim vanköntum sem komið hafa í ljós, með hagsmuni alls landsins í huga.

Stjórnin leggur áherslu á að sanngjarnt raforkukerfi sé ekki aðeins efnahags- og innviðamál heldur einnig byggða- og réttlætismál. Mikilvægt er að íbúar og atvinnulíf á köldum svæðum búi ekki við hærri byrðar eða lakari stöðu vegna aðstæðna sem kerfið tekur ekki nægilegt mið af. Nauðsynlegt er að styrkja umgjörð kerfisins og tryggja að áframhaldandi uppbygging þess byggji á gagnsæi, sanngirni og jafnræði milli landshluta.

Fundi var slitið kl. 13:30